

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 450/1997.

Ásta Björk Ragnarsdóttir

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Jóni Heiðari Guðmundssyni

(sjálfur)

Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1997. Hún krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjanda ásamt Högna J. Sigurjónssyni meðal annarra gert með áritun Héraðsdóms Reykjavíkur á stefnu 23. maí 1995 að greiða Landsbanka Íslands skuld samkvæmt þremur víxlum, sem áfrýjandi gaf út og sameignarfélag í eigu Högna og annars manns ábækti, að fjárhæð samtals 348.000 krónur auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Högni greiddi þessa skuld í mars 1995 og júlí 1996 með samtals 494.135 krónum. Hann framseldi síðan stefnda 7. nóvember 1996 kröfu sína af þessu tilefni, og sækir stefndi í máli þessu áfrýjanda til greiðslu þeirrar kröfu.

Fyrirnefndri áritun á stefnu í máli Landsbanka Íslands á hendur áfrýjanda og fleirum hefur ekki verið hnekkkt með endurupptöku þess samkvæmt XXIII. kafla eða XXVI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í máli þessu, sem er höfðað um framkröfu vegna þeirrar dómsúrlausnar, getur áfrýjandi ekki borið fyrir sig, að stefna í fyrra málinu hafi ekki verið henni réttilega birt eða aðrir formgallar hafi verið á því máli. Áfrýjandi hefur hvorki borið bríð-
ur á framsal kröfunnar til stefnda né sannað, að hún sé greidd að nokkru leyti eða öllu. Samkvæmt þessu verður niðurstaða héraðs-
dóms staðfest um annað en málskostnað.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ásta Björk Ragnarsdóttir, greiði stefnda, Jóni Heiðari Guðmundssyni, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 1997.

Ár 1997, mánudag 20. október, er Héraðsdómur Reykjavíkur settur í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík og haldinn af Skúla J. Pálmasyni héraðsdómara. Fyrir er tekið héraðsdómsmál nr. E-1999/1997: Jón Heiðar Guðmundsson gegn Ástu Björk Ragnarsdóttur og kveðinn upp svohljóðandi dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 23. apríl 1997, til þingfestingar hér fyrir dómi 29. sama mánaðar. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 26. september sl.

Stefnandi málsins er Jón Heiðar Guðmundsson, kt. 251058-4409, Garða-stræti 38, Reykjavík, en stefnda er Ásta Björk Ragnarsdóttir, kt. 021060-3569, til heimilis að Fannafelli 4, Reykjavík.

Lögmaður stefnanda er Tryggvi Agnarsson hdl., en Jón Oddsson hrl. gætir hagsmuna stefndu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til greiðslu skuldar, að fjárhæð 494.135 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 63.232 kr. frá 16. mars 1995 til 10. júlí 1996, en af 494.135 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist af hálfu stefnanda, að dráttarvextir leggjist við höfuðstól dómkröfu á tólf mánaða fresti og höfuðstól málskostnaðar, í fyrsta sinn 10. júlí 1997.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefnda gerði í upphafi kröfu um frávísun málsins, en fallið var frá þeirri kröfu við munnlegan flutning þess. Aðalkrafa stefndu er sú, að hún verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti.

Þá gerir stefnda kröfu til þess, að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati réttarins, þar með talinn lögmæltur virðisaukaskattur á tildæmda lögmannsþóknun.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefndu á stefnu, sem árituð var um aðfararhæfi í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. maí 1995.

Mál þetta var höfðað á hendur stefndu með stefnu, út gefinni 28. mars 1995, sem útgefanda þriggja víxla, sem allir voru samþykktir af Sérleyfisbifreiðum Siglufjarðar hf. til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, 15. júní 1994. Víxlarnir voru allir ábektir af útgefanda og Smurstöðinni Smiðshöfða 7 sf., og var Herði P. Ástþórssyni, kt. 250156-4059, og Högna J. Sigurjónssyni, kt. 111159-5219, Völvufelli 26, Reykjavík, stefnt fyrir dóminn sem sameigendum Smurstöðvarinnar sf.

Nafnverð víxlanna nam 345.000 krónum, þar af voru tveir að fjárhæð 100.000 kr., en einn að fjárhæð 145.000 kr. Til viðbótar var gerð krafa til bankakostnaðar, að fjárhæð 3.000 kr. Þannig nam krafa sú, sem staðfest var með áritun dómara, 348.000 kr., auk málskostnaðar að fjárhæð 60.000 kr.

Stefnandi fékk framselda dómkröfuna á hendur stefndu með framsali Högna Sigurjónssonar, sem dagsett er 7. nóvember 1996, en Högni hafði leyst til sín dómkröfuna 10. júlí s. á., sbr. ódagsetta áritun Landsbanka Íslands.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ranglega hafi verið staðið að máli því, sem stefnandi reisir á dómkröfu sína á hendur henni í máli því, sem hér sé til úrlausnar. Í hinu fyrra máli hafi stefnan verið ranglega birt, sem leitt hafi til þess, að hún hafi ekkert vitað um þá málsókn, fyrr en henni var birt stefna í þessu máli. Þetta leiði til þess, að kröfur stefnanda á hendur sér séu fyrndar. Einnig vísar hún til þess, að Guðmundur Guðnason, fyrrverandi eiginmaður sinn, hafi gert skuldina upp við Högna J. Sigurjónsson. Hún sé því ekki í skuld við Högna og framsal hans á greiddri kröfu því markleysa.

Til vara heldur stefnda því fram, að einungis hluti af umræddri dómskuld sé ógreiddur, og beri því að lækka kröfu stefnanda af þeim sökum.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaður stefndu fram gögn, sem sýndu, að stefnan í hinu fyrra máli hafði verið birt á heimili Guðmundar Guðnasonar, fyrrverandi eiginmanns stefnanda, en þá höfðu þau slitið samvistir og stefnda ekki þar til heimilis. Þau stefnda og Guðmundur Guðnason gáfu

dóminum skýrslu og staðfestu fram lögð gögn um heimilisfestu stefndu, þegar umrædd stefna var birt. Guðmundur Guðnason kvaðst hafa tekið við stefnunni og kvittað fyrir viðtöku hennar vegna þeirra ummæla stefnuvottsins, að engu skipti, hvort hann tæki við henni eða ekki. Kvaðst hann hafa sagt stefnuvottinum, að stefnda byggji ekki þar. Hann bar og, að hann hefði ekkert samband haft við stefndu vegna stefnunnar. Hins vegar hafi hann haft samband við Högna J. Sigurjónsson í tilefni stefnunnar og greitt honum 60.000 kr. Sér hafi skilist, að Högni myndi sjá um að greiða það, sem eftir stæði skuldarinnar, og taka á sig þann hluta hennar.

Álit dómsins.

Stefnandi byggir rétt sinn á stefnu, sem árituð hefur verið um aðfararhæfi í Héraðsdómi Reykjavíkur, eins og áður er lýst. Áritun á stefnu með þessum hætti hefur sömu réttaráhrif og dómur.

Með vísan til 116. gr. laga nr. 91/1991 er dómur bindandi fyrir hliðsettan dómstól. Því hefur dómurinn nú ekki heimild að lögum til að fjalla að efni til um það sakarefni, sem þegar hefur verið lagður dómur á, svo sem krafa stefndu hnígur að.

Stefnda hefur ekki mótmælt framsali því, sem stefnandi reisir rétt sinn á, né heldur hefur hún sýnt fram á, að dómkrafa sú, sem stefnandi byggir rétt á, sé greidd.

Stefnandi hefur lagt fram gögn, sem sýna, að skuld sú, sem tilgreind er í hinni árituðu stefnu, hefur verið greidd þannig: 10. júlí 1996 greiddi Högni Sigurjónsson Landsbanka Íslands 400.838 kr., sbr. áritun á stefnuna, sem jafnframt fól í sér framsal bankans til Högna. Hinn 16. mars 1995 voru 63.232 kr. greiddar Innheimtustofunni Höfðabakka og 30.065 kr. sama aðila 9. júlí 1996. Samtals nema þessar fjárhæðir 494.135 kr., sem svarar til stefnukröfu málsins.

Verður því að fallast á kröfu stefnanda á hendur stefndu, eins og í dómsorði greinir.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 74.290 kr. að viðbættum lögmaeltum virðisaukaskatti.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Ásta Björk Ragnarsdóttir, greiði stefnanda, Jóni Heiðari Guðmundssyni, 494.135 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 63.232 kr. frá 16. mars 1995 til 10. júlí 1996, en

af 494.135 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti skal uppfæra á 12 mánaða fresti og leggja við höfuðstól, sbr. 12. gr. tilgreindra vaxtalaga, fyrst 10. júlí 1997.

Stefnda greiði stefnanda 74.290 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.
